



Reykjavík 24.febrúar 2021

Efni: Þrif í grunn- og leikskólum, hjá dagforeldrum og í frístundarstarfi barna.

Hættustig almannavarna vegna COVID-19 er í gildi og því mikilvægt að hafa í huga að almennar sóttvarnarráðstafanir gilda í skólum sem og annars staðar. Skólar eiga að fylgja viðbragðsáætlunum sínum varðandi möguleg smit.

Embætti Landlæknis leggur áherslu á aukin þrif auk reglubundinna þrifa og veitir eftirfarandi leiðbeiningar:

þrifa skal eins oft og unnt er, sérstaklega algenga snertifleti. Við innganga skal tryggja aðgang að sótthreinsandi vökva fyrir hendur.

Gólfþrif eru eins og venjulega.

Í grunnskólum þarf einnig að þrifa og sótthreinsa á milli hópa í sama rými.

Þrif á leikföngum

Þrif þurfa að vera reglubundin á leikföngum.

Komi upp smit á heimili barns sem er á leikskóla, þarf að:

- Þvo öll leikföng sem barnið hefur komist í snertingu við t.d. að setja í uppþvottavél eða þvottavél eftir því hvað á við.
- Yfirborðsþrifa annað eftir því sem við á.
- Barnið kemur ekki í leikskólann (fer í einangrun og mögulega önnur börn eða starfsfólk í sóttkví).

Almennt

Hafa sem minnst af leikföngum í umferð í einu, þrifa þegar skipt er um leikföng (t.d. Lego á mánudegi sem er þvegið á þriðjudegi og þá er eitthvað annað notað í staðinn). Þetta verklag viðheldur áhuga nemenda á leikföngum og stuðlar að góðum smitvörnum. Þetta ætti ekki að auka þrif sem neinu nemur umfram venjubundin þrif né að stytta þurfi viðveru þar sem hægt er að taka leikföng til hliðar og setja netapoka í uppþvottavél eða þvottavél og annað yfirborðsþrifið.

Frekari upplýsingar um þrif er m.a. að finna hér:

<https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item43086/COVID-19%20s%C3%BDkingavarnir%20og%20%C3%BERif%2014.09.2020.pdf>hér.

Nánari upplýsingar er að finna á <https://www.landlaeknir.is/koronaveira/thad-sem-thu-tharft-ad-vita/>; www.covid.is